

Grímsnes- og Grafningshreppur
Stjórnsýsluhúsinu Borg
805 Selfoss

Selfossi 16. september 2024

Efni: Ósk um aukinn kennslukvóta í Grímsnes- og Grafningshreppi frá hausti 2024

Innritun nýnema er nær lokið í haust.

Vegna biðlista í tónlistarnám er núna þörf fyrir aukinn klukkustundafjölda og óskar skólinn eftir að fá að fjölga kenndum klst. úr 8,5 í 9,5 klst., eða um 1 klst. frá fyrra ári.

Biðlisti. Á biðlista í Grímsnes- og Grafningshreppi eru núna 4 umsækjendur, en vegna ungs aldurs tveggja þeirra munu þeir bíða í bili.

Kostnaður. Hver klukkustund kostar um 836.000 kr. á ári. (Innifalið í kostnaði eru auk einkakennslunnar m.a. allir tónfræðitímar, samspil og hljómsveitastarf og allur annar launatengdur kostnaður vegna kennslunnar).

ATH. Sveitarfélagið greiðir aðeins fyrir þær stundir sem nýtast. Ef skólinn þarf ekki leyfðan fjölda klst. (t.d. ef nemendur hverfa frá námi) fækkar greiddum klst.

Með von um góðar undirtektir,

Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri